



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. ágúst 2025
USK24120041

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 20. ágúst 2025 um eftirfarandi mál:

Reykjavíkurflugvöllur - Breyting á skipulagsmörkum deiliskipulags

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs og teiknistofunnar T.ark dags. 9. desember 2024, br. 10. júlí 2025, að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar. Deiliskipulagsbreytingin felst í því að breyta deiliskipulagsmörkum til austurs og suðurs. Mörkin eru færð í núverandi staðsetningu öryggisgirðingar flugvallarins sem er dregin samkvæmt hnitum í samningi Reykjavíkurborgar og ríkisins er undirritaður var í ágúst 2016. Markmið breytingarinnar er að koma til móts við þegar gerðar breytingar á aðlægum deiliskipulagsáætlunum, þ.e. Háskólans í Reykjavík, Nauthólsvíkur og brúar yfir Fossvog. Þar hafa verið gerðar breytingar er lúta að breyttri legu Borgarlínu um svæðið og hún verið uppfærð til samræmis við forhönnunargögn. Sú lega er utan deiliskipulags og er leiðbeinandi. Að öðru leyti haldast gildandi skilmálar óbreyttir. Tillagan var auglýst frá 23. janúar 2025 til og með 6. mars 2025. Athugasemdir bárust. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 14. ágúst 2025.

Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2025. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins. Vísað til borgarráðs.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið

Fylgiskjöl: uppdrættir teiknistofunnar T.ark dags. 9. desember 2024, br. 10. júlí 2025, innsendar athugasemdir og umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 14. ágúst 2025.



Reykjavík





GREINARGERD MED DEILSKIPULAGSBREYTINGU

Í gildi er deiliskipulag Reykjavíkurlflugvallar sem samþykkt var í borgarráði 28. apríl 2016 með síðari breytingu.



Deliskipulagsþyrtingin fæsti í því að breyta deliskipulagsmörkum til austurs og suðurs. Eru mörkin fædd í núverandi stadséiningu Öryggisgöngu flugvæðins sem er dregin samkvæmt hnitum í samningi Reykjavíkurborgar og ríkisins er undirritaður var í ágúst 2016.

Markmið breytinganna er að koma til móts við þega, gerðar breytingar í aðalguðm deiliskjálagsáætlunum, þ.e. Háskjarni í Reykjavík, Naúhoðsvíkur og Brúar yfir Fossvog. Þar hafa verið gerðar breytingar er líta að breytingu ígu Borgarinn um svæðið og hún verð upptækt til samræmis við forðunnaorðgu. Léga Naúhoðsvegur (götu, stígar og borgarinnuþrautir) eru fyrir utan marka þessa deiliskjálags en er sýnd til skýringar á upptætti. Sjá nánar íegu á viðkomandi aðalgu deiliskjálagsi.

Að ööru leyti haldast gildandi skilmálar óbreyttir.



GILDANDI HELDAR DEILSKIPULAG REYKJAVÍKURFLUGVALLAR (smækkaður uppdráttur Samþ. í Borgarráði 28. apríl 2016, án síðari breytinga



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Skyringar

- | | |
|---|---|
|  | УКАЗАНИЕ НА КРАЙНОСТЬ НА ПОЛИСА, БУВ
ПРЕДНАЗНАЧЕНА ЗА ПОСРЕДСТВО ЗА
ПРЕСТАП НА ПОСРЕДСТВО ЗА ПОСРЕДСТВО |
|  | ПОСРЕДСТВО ЗА ПОСРЕДСТВО ЗА ПОСРЕДСТВО |
|  | ПОСРЕДСТВО ЗА ПОСРЕДСТВО ЗА ПОСРЕДСТВО |
|  | ПОСРЕДСТВО ЗА ПОСРЕДСТВО ЗА ПОСРЕДСТВО |
|  | ПОСРЕДСТВО ЗА ПОСРЕДСТВО ЗА ПОСРЕДСТВО |
|  | ПОСРЕДСТВО ЗА ПОСРЕДСТВО ЗА ПОСРЕДСТВО |
|  | ПОСРЕДСТВО ЗА ПОСРЕДСТВО ЗА ПОСРЕДСТВО |
|  | ПОСРЕДСТВО ЗА ПОСРЕДСТВО ЗА ПОСРЕДСТВО |
|  | ПОСРЕДСТВО ЗА ПОСРЕДСТВО ЗА ПОСРЕДСТВО |

Gögn eru byggð á LUKRA

10.07.2025: Uppf. v. gæstgæst og familjebæringu inni í bót

skolepødselene nr. 123/2010 var samtykt i _____
 pavn _____ 20 _____ og i _____

20_

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í Beldid Sjómartíðind

Deiliskjöldagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákææði 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt lífa

Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. i.l. var bresfingin ekki gremmda kynt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjanilkurborgar og víða umsteiðjanda.

born _____ 20__.

BREYTNIGAR,

VERKNI II
REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR
DEILISKIPULAG 2024

Breytt afmörkun

MAI	DACS
1:2000	09.12.2024
HANNAB	TEKNAB
HE	HE
YMERABD:	
VERBODDER	TEKNABODDER
400-35	101



TEIKNISTOFAN ehf
 ARKITEKTAR • BRAUTARHÖLLI 6
 105 REYKJAVÍK • ÍSLAND
 Sími: 540 5700 • Fax: 540 5701
 teiknistofan@teiknis.com • www.teiknis.com



TIL

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar
Skipulagsgátt

FRÁ

Isavia ANS ehf.
Nauthólsvegur 66
102 Reykjavík

Athugasemd við deiliskipulagsbreytingu fyrir Reykjavíkurflugvöll

Umsögn þessi varðar auglýsta skipulagsbreytingu þar sem lagt er til að breyta deiliskipulagsmörkum Reykjavíkurflugvallar til austurs og suðurs, sem er til kynningar á Skipulagsgátt til 6. mars, mál nr. 85/2025.

1. Bakgrunnur

Þann 1. janúar 2007 var Flugmálastjórn Íslands skipt upp og stofnað fyrirtækið Flugstoðir ohf. um flugvalla- og flugleiðsögubjónustuhluta Flugmálastjórnar. Í stofnefnahagsreikningi félagsins varð Flugstjórnarmiðstöðin og flugturninn á Reykjavíkurflugvelli eign Flugstoða.

Byggingarnar standa á lóð sem er sameiginleg með ýmsum flugvallarbyggingum og þar sem ekki var skilgreind sérstök lóð undir byggingarnar hvora um sig, hefur í þau 18 ár sem eru liðin ekki verið mögulegt að þinglýsa þessum eignum á réttmæta eigendur. Eignirnar eru því enn skráðar sem ríkiseignir.

Flugstoðir ohf. sameinuðust árið 2010 Keflavíkurflugvelli til að mynda Isavia ohf. Í ársbyrjun 2020 var svo rekstrarskipan Isavia ohf. endurskipulögð, m.a. með stofnun tveggja dótturfélaga, Isavia Innanlandsflugvellir ehf. („Isavia Innanlands“) og Isavia ANS ehf. („Isavia ANS“ eða „félagið“).

Áður hafði rekstur félaganna verið í aðskildum rekstrarsviðum innan Isavia ohf., en skiptingin 2020 var gerð á grundvelli þess að um eðlisólíkar rekstrareiningar var að ræða. Með umræddum breytingum var lögð áhersla á sérstöðu hvers félags og skýrari aðgreiningu á starfsemi þeirra.

Móðurfélagið Isavia ohf. heldur utan um rekstur Keflavíkurflugvallar og stoðsviða, meðan Isavia Innanlands sér um rekstur allra annarra flugvalla á Íslandi.

Isavia ANS er alfarið tileinkað flugleiðsögupjónustu og tengist ekki rekstri flugvalla, hvorki á Reykjavíkurflogvelli né öðrum flugvöllum. Þannig er starfsemi félagsins ekki háð staðsetningu þess við Reykjavíkurflogvöll.

Félagið er flugleiðsögupjónustuveitandi á Íslandi og sér um rekstur og stjórnun flugleiðsögupjónustu í íslenska flugstjórnarsvæðinu, sem nær yfir rúmlega 5,4 milljónir ferkílómetra. Félagið hefur það hlutverk að tryggja örugga og skilvirka flugleiðsögupjónustu í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands og gildandi reglur um flugöryggi.

Eins og áður segir, er Isavia ANS eigandi Flugstjórnarmiðstöðvarinnar, sem staðsett er við Nauthólsveg 66, sem og tilheyrandi Spennistöðvar sem er staðsett við Nauthólsveg 64, bæði gegnt Nauthólsvegi 85. Fyrsti hluti Flugstjórnarmiðstöðvarinnar var tekinn í notkun árið 1994 og hefur síðan verið í stöðugri þróun, í takt við breyttar kröfur í alþjóðlegu flugöryggi og flugleiðsögustjórnun. Þessi þróun er enn í gangi, og nauðsynlegt er fyrir Isavia ANS að hafa nægilegt svigrúm á sinni lóð til frekari uppbyggingar og stækkunar ef þörf krefur.

Í deiliskipulagi Reykjavíkurflogvallar frá 2015 kemur fram í kafla 1.3.5.2 Nauthólsvegur 64-66 „Stækkun Flugstjórnarmiðstöðvar“, að stækkunin sé varanleg og byggingin undanskilin almennum skilmálum deiliskipulagsins. Þrátt fyrir starfsemi sem spannar tugi ára og þróun mannvirkisins, hefur Isavia ANS enn ekki fengið afmarkaða lóð fyrir starfsemi sína og því ekki getað þinglýst réttmætum eignum á félagið.

2. Samskipti við Skipulagsfulltrúa frá 2021

Isavia ANS og fyrirrennarar þess hafa í gegnum tíðina haft nokkur samskipti við Skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar, en formleg samskipti frá árinu 2020 hafa verið eftirfarandi:

- 29. nóvember 2021: Isavia ANS lagði fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflogvallar til skipulagsfulltrúa um leyfi til að afmarka lóð fyrir Flugstjórnarmiðstöðina og veitt leyfi til að auka byggingarmagn á væntanlegri lóð. Þessu erindi hefur enn ekki verið svarað.
- 24. október 2023: Fundur haldinn með fulltrúum Borgarlínu og Isavia ANS, þar sem ákveðið var að vera í samskiptum um fyrirhugaðan frágang lóðarmarka Borgarlínu og Flugstjórnarmiðstöðvar. Engin eftirfylgni eða svör hafa borist til Isavia ANS eftir þann fund.

3. Afstaða Isavia ANS til skipulagsbreytingarinnar

Í ljósi þess að umsókn Isavia ANS um deiliskipulagsbreytingar frá 29. nóvember 2021 hefur ekki fengið afgreiðslu, er félagið mótfallið því að umræddar breytingar á deiliskipulagi fyrir Reykjavíkurlugvöll og Borgarlínu (mál nr. 1528/2024 í Skipulagsgátt – sem var í auglýsingu til 20. febrúar sl.) nái fram að ganga, án þess að fyrir liggi formleg staðfesting á afmörkun og framtíðaráformum um lóð Flugstjórnarmiðstöðvar.

Því ítrekar Isavia ANS kröfu sína um að:

Umsókn félagsins um deiliskipulagsbreytingar frá 29. nóvember 2021 verði tekin fyrir, svarað og fái afgreiðslu.

Einnig fer Isavia ANS fram á að skýr stefna liggi fyrir um:

- Aðkomu að lóð Isavia ANS til framtíðar og það komi fram í skipulagsgögnum fyrir Reykjavíkurlugvöll og Borgarlínu. Sú stefna endurspegli fjármögnun Borgarlínu á breyttum aðkomuvegi. Í skipulagsgögnum þeim sem til umsagnar eru, er ekki gerð grein fyrir aðkomuveginum, hvorki útfærslu né fjármögnun.
- Færslu öryggisgirðingar um lóð Isavia ANS sem endurspegli fjármögnun Borgarlínu á kostnaði sem hlýst af því. Í skipulagsgögnum þeim sem til umsagnar eru, er hvorki gerð grein fyrir útfærslu á því né fjármögnun. Vísað er til fundar Borgarlínu og Isavia ANS þann 24. október 2023.
- Að næg bílastæði séu fyrir starfsemi Isavia ANS, í stað þeirra sem hverfa við færslu girðingarinnar. Skýrt sé hvernig Borgarlína hyggist fjármagna þau bílastæði. Í skipulagsgögnum þeim sem til umsagnar eru, er hvorki gerð grein fyrir útfærslu á því né fjármögnun. Vísað er til fundar Borgarlínu og Isavia ANS þann 24. október 2023.

4. Niðurstaða

Isavia ANS leggst því gegn deiliskipulagsbreytingu fyrir Reykjavíkurlugvöll.

Félagið fer fram á að fyrri umsókn þess verði tekin til afgreiðslu áður en áframhald verður á umræddum skipulagsbreytingum.

Fylgiskjöl:

1. Umsókn Isavia ANS til skipulagsfulltrúa frá 29. nóvember 2021.
2. Fundargerð vegna fundar Borgarlínu og Isavia ANS frá 24. október 2023.

Umsögn þessi er undirrituð rafrænt af lögfræðingi Isavia ANS,
Karli Óla Lúðvíkssyni

██████████

██████████

██████████

██████████

██████████

██████████

██████████

██████████

Umsögn

Varðar: Breyting á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar – breytt afmörkun

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar. Í breytingunni sem lögð er til felst breyting á deiliskipulagsmörkum til austurs og suðurs. Eru mörkin færð í núverandi staðsetningu öryggisgirðingar flugvallarins sem er dregin samkvæmt hnitum í samningi Reykjavíkurborgar og ríkisins er undirritaður var í ágúst 2016. Markmið breytingarinnar er að koma til móts við þegar gerðar breytingar á aðlægum deiliskipulagsáætlunum, þ.e. Háskólans í Reykjavík, Nauthólsvíkur og Brúar yfir Fossvog. Þar hafa verið gerðar breytingar er lúta að breyttri legu Borgarlínu um svæðið og hún verið uppfærð til samræmis við förhönnunargögn. Sú lega er utan deiliskipulags og er leiðbeinandi. Að öðru leyti haldast gildandi skilmálar óbreyttir, skv. uppd. T.ark, dags. 9. desember 2024 (uppfærð tillaga, 10. júlí 2025).

Umsögn barst frá ISAVIA á auglýsingatíma og eru viðbrögð við henni listað upp í þessari umsögn.

Tillagan var auglýst frá 23. janúar til og með 6. mars 2025.

Umsagnir og ábendingar bárust:

Nr.	Umsagnaraðili / stofnun	Dagsetning
1	Isavia ANS	3. mars 2025

Samantekt:

Almennt ganga athugasemdir Isavia ANS út á:

Aðkoma að lóð: Athugasemd um að ekki sé gerð grein fyrir aðkomuvegi í skipulagsgögnum.

Bílastæði: Að næg bílastæði séu fyrir starfsemi Isavia ANS, í stað þeirra sem hverfa við færslu girðingarinnar.

Ferill annars máls: Farið er fram á að óafgreidd umsókn Isavia ANS til skipulagsfulltrúa frá 2021 verði afgreidd áður en þessi deiliskipulagsbreyting nær fram að ganga.

Almennt yfirlit uppfærslu:

Í uppfærðri tillögu dags. 10. júlí 2025 hefur verið tekið mið af athugasemdum sem bárust frá hagsmunaaðilum.

Helstu uppfærslur eru eftirfarandi:

- Gatnakerfi innan lóðar hefur verið uppfært.
- Bætt hefur verið við aðkomu (framtiðartengingu) inná lóð að norðanverðu.

Að öðru leiti er skipulagsáætlunin óbreytt.

Efnislegar ábendingar sem bárust eru eftirfarandi:

1. Isavia ANS

Sjá bréf í heild sinni – **Villa! Uppruni tilvísunar finnst ekki. ANS**

Athugasemdir og svör:

Ábendingar:	Svör
Isavia ANS krefst þess að umsókn félagsins um deiliskipulagsbreytingu frá 29. nóvember 2021 verði tekin fyrir, svarað og fái afgreiðslu.	Brugðist hefur verið við athugasemdinni og er nefnd umsókn félagsins um deiliskipulagsbreytingu komin í ferli á nýjan leik.
Isavia ANS fer fram á að skýr stefna liggi fyrir um aðkomu að lóð Isavia Ans til framtíðar og það komi fram í skipulagsgögnum fyrir Reykjavíkurflugvöll og Borgarlínu.	Brugðist hefur verið við athugasemdinni og hefur skipulagsuppdráttur verið uppfærður og sýnir nú framtíðartengingu (aðkomu) inn á lóð.
Isavia ANS fer fram á að næg bílastæði séu fyrir starfsemi Isavia ANS, í stað þeirra sem hverfa við færslu girðingarinnar.	Útfærsla í tengslum við fjölda og staðsetningu bílastæða mun eiga sér stað síðar en svigrúm er fyrir hendi innan lóðar.

Niðurstaða

Við kynningu á deiliskipulagstillögu barst ein umsögn, þ.e. frá Isavia ANS og hefur athugasemdum félagsins verið mætt með uppfærslu eða þeim komið í formlegt ferli.

Lagt er til uppfærð tillaga að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar, þ.e. breytingar gerðar í greinargerð að lokinni auglýsingu, dags 10. 7. 2025 (upprunal. 9. 12. 2024) verði samþykkt.

FRÁ

Isavia ANS ehf.
Nauthólsvegur 66
102 Reykjavík

Athugasemd við deiliskipulagsbreytingu fyrir Reykjavíkflugvöll

Umsögn þessi varðar auglýsta skipulagsbreytingu þar sem lagt er til að breyta deiliskipulagsmörkum Reykjavíkflugvallar til austurs og suðurs, sem er til kynningar á Skipulagsgátt til 6. mars, mál nr. 85/2025.

1. Bakgrunnur

Þann 1. janúar 2007 var Flugmálastjórn Íslands skipt upp og stofnað fyrirtækið Flugstoðir ohf. um flugvalla- og flugleiðsöguþjónustuhluta Flugmálastjórnar. Í stofnefnahagsreikningi félagsins varð Flugstjórnarmiðstöðin og flugturninn á Reykjavíkflugvelli eign Flugstoða.

Byggingarnar standa á lóð sem er sameiginleg með ýmsum flugvallarbyggingum og þar sem ekki var skilgreind sérstök lóð undir byggingarnar hvora um sig, hefur í þau 18 ár sem eru liðin ekki verið mögulegt að þinglýsa þessum eignum á réttmæta eigendur. Eignirnar eru því enn skráðar sem ríkiseignir.

Flugstoðir ohf. sameinuðust árið 2010 Keflavíkflugvelli til að mynda Isavia ohf. Í ársbyrjun 2020 var svo rekstrarskipan Isavia ohf. endurskipulögð, m.a. með stofnun tveggja dótturfélaga, Isavia Innanlandsflugvellir ehf. („Isavia Innanlands“) og Isavia ANS ehf. („Isavia ANS“ eða „félagið“).

Áður hafði rekstur félaganna verið í aðskildum rekstrarsviðum innan Isavia ohf., en skiptingin 2020 var gerð á grundvelli þess að um eðlisólíkar rekstrareiningar var að ræða. Með umræddum breytingum var lögð áhersla á sérstöðu hvers félags og skýrari aðgreiningu á starfsemi þeirra.

Móðurfélagið Isavia ohf. heldur utan um rekstur Keflavíkflugvallar og stoðsviða, meðan Isavia Innanlands sér um rekstur allra annarra flugvalla á Íslandi.

Isavia ANS er alfarið tileinkað flugleiðsögupjónustu og tengist ekki rekstri flugvalla, hvorki á Reykjavíkurflugvelli né öðrum flugvöllum. Þannig er starfsemi félagsins ekki háð staðsetningu þess við Reykjavíkurflugvöll.

Félagið er flugleiðsögupjónustuveitandi á Íslandi og sér um rekstur og stjórnun flugleiðsögupjónustu í íslenska flugstjórnarsvæðinu, sem nær yfir rúmlega 5,4 milljónir ferkílómetra. Félagið hefur það hlutverk að tryggja örugga og skilvirka flugleiðsögupjónustu í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands og gildandi reglur um flugöryggi.

Eins og áður segir, er Isavia ANS eigandi Flugstjórnarmiðstöðvarinnar, sem staðsett er við Nauthólsveg 66, sem og tilheyrandi Spennistöðvar sem er staðsett við Nauthólsveg 64, bæði gegnt Nauthólsvegi 85. Fyrsti hluti Flugstjórnarmiðstöðvarinnar var tekinn í notkun árið 1994 og hefur síðan verið í stöðugri þróun, í takt við breyttar kröfur í alþjóðlegu flugöryggi og flugleiðsögustjórnun. Þessi þróun er enn í gangi, og nauðsynlegt er fyrir Isavia ANS að hafa nægilegt svigrúm á sinni lóð til frekari uppbyggingar og stækkunar ef þörf krefur.

Í deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar frá 2015 kemur fram í kafla 1.3.5.2 Nauthólsvegur 64-66 „Stækkun Flugstjórnarmiðstöðvar“, að stækkunin sé varanleg og byggingin undanskilin almennum skilmálum deiliskipulagsins. Þrátt fyrir starfsemi sem spannar tugi ára og þróun mannvirkisins, hefur Isavia ANS enn ekki fengið afmarkaða lóð fyrir starfsemi sína og því ekki getað þinglýst réttmætum eignum á félagið.

2. Samskipti við Skipulagsfulltrúa frá 2021

Isavia ANS og fyrirrennarar þess hafa í gegnum tíðina haft nokkur samskipti við Skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar, en formleg samskipti frá árinu 2020 hafa verið eftirfarandi:

- 29. nóvember 2021: Isavia ANS lagði fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar til skipulagsfulltrúa um leyfi til að afmarka lóð fyrir Flugstjórnarmiðstöðina og veitt leyfi til að auka byggingarmagn á væntanlegri lóð. Þessu erindi hefur enn ekki verið svarað.
- 24. október 2023: Fundur haldinn með fulltrúum Borgarlínu og Isavia ANS, þar sem ákveðið var að vera í samskiptum um fyrirhugaðan frágang lóðarmarkna Borgarlínu og Flugstjórnarmiðstöðvar. Engin eftirfylgni eða svör hafa borist til Isavia ANS eftir þann fund.

3. Afstaða Isavia ANS til skipulagsbreytingarinnar

Í ljósi þess að umsókn Isavia ANS um deiliskipulagsbreytingar frá 29. nóvember 2021 hefur ekki fengið afgreiðslu, er félagið mótfallið því að umræddar breytingar á deiliskipulagi fyrir Reykjavíkurlugvöll og Borgarlínu (mál nr. 1528/2024 í Skipulagsgátt – sem var í auglýsingu til 20. febrúar sl.) nái fram að ganga, án þess að fyrir liggi formleg staðfesting á afmörkun og framtíðaráformum um lóð Flugstjórnarmiðstöðvar.

Því ítrekar Isavia ANS kröfu sína um að:

Umsókn félagsins um deiliskipulagsbreytingar frá 29. nóvember 2021 verði tekin fyrir, svarað og fái afgreiðslu.

Einnig fer Isavia ANS fram á að skýr stefna liggi fyrir um:

- Aðkomu að lóð Isavia ANS til framtíðar og það komi fram í skipulagsgögnum fyrir Reykjavíkurlugvöll og Borgarlínu. Sú stefna endurspegli fjármögnun Borgarlínu á breyttum aðkomuvegi. Í skipulagsgögnum þeim sem til umsagnar eru, er ekki gerð grein fyrir aðkomuveginum, hvorki útfærslu né fjármögnun.
- Færslu öryggisgirðingar um lóð Isavia ANS sem endurspegli fjármögnun Borgarlínu á kostnaði sem hlýst af því. Í skipulagsgögnum þeim sem til umsagnar eru, er hvorki gerð grein fyrir útfærslu á því né fjármögnun. Vísað er til fundar Borgarlínu og Isavia ANS þann 24. október 2023.
- Að næg bílastæði séu fyrir starfsemi Isavia ANS, í stað þeirra sem hverfa við færslu girðingarinnar. Skýrt sé hvernig Borgarlína hyggist fjármagna þau bílastæði. Í skipulagsgögnum þeim sem til umsagnar eru, er hvorki gerð grein fyrir útfærslu á því né fjármögnun. Vísað er til fundar Borgarlínu og Isavia ANS þann 24. október 2023.

4. Niðurstaða

Isavia ANS leggst því gegn deiliskipulagsbreytingu fyrir Reykjavíkurlugvöll.

Félagið fer fram á að fyrri umsókn þess verði tekin til afgreiðslu áður en áframhald verður á umræddum skipulagsbreytingum.

Fylgiskjöl:

1. Umsókn Isavia ANS til skipulagsfulltrúa frá 29. nóvember 2021.
2. Fundargerð vegna fundar Borgarlínu og Isavia ANS frá 24. október 2023.